

Fundargerð 159. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 06. október 2020, kl. 09.00, haldin á Teams fjarfundarbúnaði.

Mættir: Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarformaður,  
Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður,  
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður,  
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,  
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,  
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borinn upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Breytingar á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar ehf.- umsögn Kadeco.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar og umsögn Kadeco um breytingarnar. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

3. *Norðurál – bréf frá Reykjanesbæ og Suðurnesjabæ.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn erindi sveitarfélaganna Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar til Kadeco vegna óska Norðuráls um rýmkun fyrir möguleg not lóðarinnar fyrir annars konar starfsemi og þá byggingu sem á henni stendur. Stjórn félagsins tók jákvætt í að fundin verði sameiginleg lausn því hagsmunir allra eru fyrir því að uppbygging svæðisins haldi áfram.

4. *Beiðni Landsnets um kaup á lóð undir spennistöð.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn umræður við Landsnet vegna óska þeirra um kaup á lóð undir spennistöð. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

5. *Ósk Ásbrú íbúða og Ásbrú fasteigna um minnkun lóða / skil lóða.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn ósk Ásbrú íbúða/fasteigna um minnkun lóða og í einhverjum tilfellum skil lóða samkvæmt framlagðri tillögu þeirra. Stjórn þakkaði upplýsingarnar og fól starfsfólki að vinna málið áfram.

6. *Ósk ÍAV um minnkun lóðar.*

Framkvæmdastjóri og verkefnastjóri fóru yfir óskir ÍAV um breytingu lóðarmarka þeirra að Ferjutröð 2060-2064. Stjórn samþykkti framlagðar hugmyndir og fól starfsfólki að klára málið.

7. *Rekstarupplýsingar.*

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstarupplýsingar janúar-ágúst 2020. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

8. *Hönnunarútboð og samkeppnisform.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn vinnu við hönnunarútboð og samkeppnisform fyrir þróunarsvæði í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Umræður. Stjórn óskaði eftir upplýsingum um aðrar hönnunarsamkeppnir til samanburðar.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

9. *Önnur mál.*

*Starfsfólk.*

Búið er að auglýsa stöðu fjármálastjóra í 50% starf. Um 70 manns sóttu um stöðuna og er unnið úr umsóknum.

Framkvæmdastjóri réð starfsmann í 50% starf, Guðmund Kristinn Jónsson, í starf til áramóta.

*Max Hirsh.*

Skipulögð hefur verið fundarröð í næstu viku með erlenda ráðgjafa félagsins, Max Hirsh, og hagsmunaaðilum. Þörf er á að aðlaga fundina og færa yfir á Teams fjarfundaforritið í ljósi fjölgunnar Covid smita í samfélaginu.

Engin önnur mál voru borin upp undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.25.

## Undirritunarsíða

159. fundargerð Kadeco óskast undirritunar  
Steinunn Sigvaldadóttir

159. fundargerð Kadeco óskast undirritunar  
Ísak Ernir Kristinsson

159. fundargerð Kadeco óskast undirritunar  
Elín Árnadóttir

159. fundargerð Kadeco óskast undirritunar  
Einar Jón Pálsson

159. fundargerð Kadeco óskast undirritunar  
Reynir Sævarsson